

Nd.

8. Frumvarp til laga

[8. mál]

um tekjur sveitarfélaga, samkvæmt gjaldskrá og reglugerðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Tekjur sveitarfélaga, sem miðast við fasteignamat, svo sem vatnsskattur, holræsagjöld, gangstéttargjöld, sorphreinsunargjöld og lóðarleiga skulu vera óbreytt í krónutölu frá því, sem nú er, þrátt fyrir gildistöku nýs fasteignamats, unz staðfestar hafa verið nýjar gjaldskrár og reglugerðir um tekjur þessar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákveðið hefur verið, að nýtt fasteignamat taki gildi 1. janúar 1972. Mat þetta er mjög miklu hærra en núgildandi fasteignamat og nemur hækkunin ca. 15—20-földun. Hækkun vatnsskatts, holræsagjalds, gangstéttargjalds, sorphreinsunargjalds og lóðarleigu mundi verða í réttu hlutfalli við hækkun matsins, að óbreyttum gjaldskrá og reglugerðum um gjöld þessi. Mjög ólíklegt er, að allar sveitarstjórnir gæti þess að samræma þessi gjöld hinu nýja fasteignamati í tæka tíð. Má því búast við óhæfilegri hækkun á þessum gjöldum, nema frumvarp þetta verði lögtekið.

Gert er ráð fyrir, að sett verði lög um fasteignaskatt til sveitarfélaga, sem taki gildi 1. janúar 1972.